



Leiðbeiningar um skattskyldu vegna rekstrar hlaðvarpa

Hlaðvörp eru að jafnaði aðgengileg án endurgjalds en þó er í auknum mæli boðið upp á ýmsar áskriftarleiðir gegn ákveðnu gjaldi. Algengt er að hlaðvörp séu notuð sem auglýsingamiðill. Þannig kunna rekstraraðilar hlaðvarpa að eiga í samstarfi við fyrirtæki sem felst í að auglýsa vöru eða þjónustu viðkomandi fyrirtækis í hlaðvarpinu gegn ákveðnu gjaldi.



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Tekjuskattur	3
2.1	Er um atvinnurekstur að ræða?	3
2.2	Hvernig eru tekjurnar skattlagðar?	3
	2.2.1 Skattþrep.....	4
2.3	Frádráttarbær rekstrarkostnaður.....	4
	2.3.1 Atvinnurekstrartekjur	4
	2.3.2 Tekjur utan atvinnurekstrar	4
2.4	Upplýsingaskylda viðskiptavina hlaðvarpa til skattyfirvalda.....	4
2.5	Launagreiðendaskrá.....	4
3	Virðisaukaskattur	5
3.1	Skattskyldusvið	5
3.2	Skráning á virðisaukaskattsskrá	5
3.3	Innheimta virðisaukaskatts og skil í ríkissjóð	5
3.4	Skatthlutföll.....	6
3.5	Mat á afhentum verðmætum - skattverð	6

I. Inngangur

Með hlaðvarpi (e. podcast) er átt við stafrænan miðil sem samanstendur af hljóðþáttum (eða myndskaiðum) sem eru aðgengileg á veraldarvefnum. Hlaðvarp eða hlaðvarpssería inniheldur yfirleitt einn eða fleiri þáttastjórnendur sem ræða um tiltekið málefni, ýmist með viðmælendur eða ekki. Almennt eru hlaðvörp aðgengileg á streymisveitum á borð við Spotify, Apple Podcasts, Youtube og Google Podcasts. Hlaðvörp eru að jafnaði aðgengileg án endurgjalds en þó er í auknum mæli boðið upp á ýmsar áskriftarleiðir gegn ákveðnu gjaldi.

Tekjur af rekstri hlaðvarpa geta verið af ýmsum toga og má þar nefna sem dæmi eftirfarandi:

- sala auglýsinga,
- sala áskrifta,
- greiðslur frá streymisveitum,
- tekjur af lifandi viðburðum (e. live show),
- aðstöðuleiga (t.d. vegna útleigu á hljóðveri/búnaði),
- sala varnings (e. merch) sem tengist hlaðvarpinu.

Algennt er að hlaðvörp séu notuð sem auglýsingamiðill. Þannig kunna rekstraraðilar hlaðvarpa að eiga í samstarfi við fyrirtæki sem felst í að auglýsa vöru eða þjónustu viðkomandi fyrirtækis í hlaðvarpinu gegn ákveðnu gjaldi. Litið er svo á að um auglýsingu sé að ræða enda þótt tekið sé fram að viðkomandi fyrirtæki sé „kostandi“ viðkomandi hlaðvarpsþáttar og teljast slíkar greiðslur til tekna hjá rekstraraðila hlaðvarpsins.

Iðulega er greitt fyrir auglýsingu með peningum, en í öðrum tilvikum kann endurgjaldið að felast í verðmætum af öðrum toga, t.d. vörum, gjafabréfum, afsláttarkjörum, inn eign í verslunum, afnotum af bifreiðum eða utanlandsferðum.

Ýmis skattaleg álitæfni vakna við þessar aðstæður og fer það eftir atvikum hverju sinni hvaða skattareglur eiga við. Ætíð verður þó að hafa í huga þá meginreglu sem gildir að allar tekjur eru skattskyldar, hvort sem þær eru í formi peninga eða annars konar verðmæta, nema þær séu sérstaklega undanþegnar skattskyldu lögum samkvæmt.

2. Tekjuskattur

Við ákvörðun skattlagningar tekna þeirra sem reka hlaðvarp verður meðal annars að líta til þess hvort viðkomandi telst hafa atvinnurekstur með höndum og hvernig endurgjaldi fyrir þjónustu hans er háttáð. Athuga þarf að þótt viðkomandi teljist ekki vera í atvinnurekstri þá eru tekjurnar almennt skattskyldar. Aðgreining þess hvort viðkomandi teljist vera

í atvinnurekstri eða ekki ræður hins vegar úrslitum um það hvernig skattlagningu er háttáð.

Mikilvægt er að þeir sem eru í atvinnurekstri kunni skil á ýmsum atriðum er varða skattlagningu atvinnurekstrar tekna. Af því tilefni er rétt að vekja athygli á upplýsingum fyrir nýja í rekstri þar sem farið er yfir ýmis atriði sem einstaklingar í atvinnurekstri þurfa að kunna skil á. Þar eru jafnframt fjölmargir tenglar á ítarefni, viðeigandi lagaákvæði o.fl.

Nánari upplýsingar um [nýja í rekstri](#).

2.1 Er um atvinnurekstur að ræða?

Í skattalöggjöf er ekki að finna sérstaka skilgreiningu á atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi nema hvað varðar útleigu manna af íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði eða annars húsnæðis. Í öðrum tilvikum er horft til atriða sem lögð hafa verið til grundvallar í dómum og úrskurðum yfirskattaneftdar í málum þar sem tekist hefur verið á um hvort starfsemi teljist vera í atvinnuskyni. Við mat á því hvort um atvinnurekstur sé að ræða er einkum horft til þess hvort um sjálfstæða starfsemi er að ræða sem rekin er reglubundið og í nokkru umfangi í þeim efnahagslega tilgangi að skila hagnaði.

Þannig er bæði horft til hlutrænna atriða (sjálfstæði, varanleiki og umfang) og hugrænna (hagnaðarskyn). Öll framangreind skilyrði verða að vera uppfyllt svo starfsemi teljist rekin í atvinnuskyni.

Ef um atvinnurekstur er að ræða ber að fara með allar tekjur sem tengjast starfseminni sem atvinnurekstrartekjur, sbr. kafli 2.2, hvort sem greitt er með peningum eða öðrum verðmætum og tekjurnar skulu færðar á skattframtal rekstraraðilans. Ef ekki er um að ræða atvinnurekstur er almenna reglan sú að tekjurnar eru skattskyldar sem almennar tekjur, sbr. kafli 2.2.1. Telja ber fram slíkar tekjur á skattframtali einstaklinga.

Vakin er sérstök athygli á því að einstaklingur getur talist vera í atvinnurekstri þrátt fyrir að starfsemin sé rekin á eigin kennitölu.

2.2 Hvernig eru tekjurnar skattlagðar?

Líkt og að framan greinir kunna hlaðvörp að eiga í samstarfi við fyrirtæki sem felst í að auglýsa vöru eða þjónustu viðkomandi fyrirtækis gegn ákveðnu gjaldi. Auglýsingaþjónusta af slíkum toga er skattskyld. Almenna reglan er sú að komi varan eða þjónustan til persónulegra nota rekstraraðila hlaðvarps, fjölskyldu, vina eða kunningja hans beri að telja hana til tekna. Þannig kann afhending til annarra að teljast til skattskyldra tekna rekstraraðila hlaðvarps.



Telja ber fram þessar tekjur á skattframtali, hvort sem þeirra er aflað í atvinnurekstri (atvinnurekstrartekjur) eða utan rekstrar (almennar tekjur). Ekki skiptir máli í hvaða formi greiðslan er, þ.e. hvort greitt sé í peningum eða í formi vöru eða þjónustu eða t.d. hlunninda. Dæmi um hlunnindi eru m.a. afnot af bifreið eða húsnæði, fatnaður, ferðalög og hótलगisting. Í tilvikum sem þessum þarf þó að huga að því hvernig meta beri verðmæti umræddra hlunninda í þeim tilgangi að ákvarða tekjufjárhæðina.

Almenna reglan er sú að endurgjald af framangreindum toga beri að meta til tekna á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma. Þó ber að hafa í huga að við afhendingu til rekstraraðila hlaðvarpa á tilteknum hlunnindum, t.d. í formi afnota af bifreið eða húsnæði, skal telja hlunnindin til tekna samkvæmt skattmati ríkisskattstjóra sem birt er í upphafi hvers árs.

Nánari upplýsingar um [skattmat ríkisskattstjóra](#).

Rekstraraðilar hlaðvarpa geta hugsanlega haft tekjur erlendis frá, til að mynda frá streymisveitum, eins og Youtube. Það fer eftir eðli teknanna hvernig þær eru skattlagðar og hvernig ákvæðum tvísköttunarsamninga er beitt. Þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig í þeim efnum með bæði eðli teknanna í huga sem og uppruna þeirra.

2.2.1 Skattþrep

Tekjurnar eru skattlagðar hjá einstaklingum í sömu skattþrepum og launatekjur þegar starfsemin er rekin á eigin kennitölu. Sé starfsemin stunduð í félagi fer um skattlagningu samkvæmt almennum reglum sem um þau gilda.

Nánari upplýsingar um [helstu tölur og prósentur](#).

2.3 Frádráttarþær rekstrarkostnaður

2.3.1 Atvinnurekstrartekjur

Sé tekna aflað í atvinnurekstri er heimilt að draga frá tekjunum kostnað sem lagt er í til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við. Ekki er heimilt að færa persónulegan kostnað til frádráttar tekjunnar.

2.3.2 Tekjur utan atvinnurekstrar

Sé teknanna aflað utan atvinnurekstrar, sbr. kafli 2.1, er ekki heimilt að færa kostnað til frádráttar.

2.4 Upplýsingaskylda viðskiptavina hlaðvarpa til skattýfirvalda

Þeim sem nýta sér þjónustu hlaðvarpa, til að mynda til auglýsinga, ber að skila upplýsingum um greiðslur til þeirra af hvaða tagi sem er til Skattsins í almennum skilafresti slíkra upplýsinga í janúar ár hvert.

Nánari upplýsingar um gagnaskil eru auglýstar árlega og eru birtar í Stjórnartíðindum og á [upplýsingavef Skattsins](#).

2.5 Launagreiðendaskrá

Þeir sem hefja atvinnurekstur skulu tilkynna um það til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra eigi síðar en 8 dögum áður en starfsemi hefst. Launagreiðendum er skylt að halda eftir staðgreiðslu af tekjum launamanna og af reiknuðum eigin launum og skila til innheimtumanns ásamt tryggingagjaldi. Einstaklingar með rekstur á eigin kennitölu reikna sér laun eftir sérstökum [reglum um reiknað endurgjald](#) og skila

staðgreiðslu af því. Ef starfsemi er svo óveruleg að reiknað endurgjald er lægra en 450.000 kr. á ári fellur það þó utan staðgreiðslu en telja þær tekjur fram við skil á skattframtali einu sinni á ári.

Nánari upplýsingar um [launagreiðendaskrá](#).

3. Virðisaukaskattur

3.1 Skattskyldusviðið

Greiða skal í ríkissjóð virðisaukaskatt af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innflutningi vöru og þjónustu. Skattskyldusvið virðisaukaskatts er skilgreint mjög víðtækt í lögum um virðisaukaskatt. Skattskyldan tekur til allrar vinnu og þjónustu hverju nafni sem nefnist, sem ekki er sérstaklega tilgreind undanþegin virðisaukaskatti. Undanþága frá skattskyldu felur í sér undantekningu frá meginreglu um skattskyldu og ber sem slíkt að skýra þröngt og aldrei rýmri túlkun en orðalag ákvæðisins beinlínis gefur tilefni til. Almenn verður að ganga út frá því að starfsemi hlaðvarpa falli undir meginregluna og telst því vera virðisaukaskattsskyld starfsemi.

Meðal virðisaukaskattsskyldrar sölu á vöru og þjónustu má nefna eftirfarandi:

- Sala auglýsinga og áskrifta.
 - o Hvort sem greitt er með peningum eða öðrum verðmætum.
- Greiðslur frá streymisveitum.
 - o Greiðslur frá streymisveitum vegna aðgangs að viðkomandi hlaðvarpi eru virðisaukaskattsskyldar.
 - ◊ Sé streymisveitan erlent atvinnufyrirtæki, hvorki með heimilisfesti né reki hér atvinnustarfsemi frá fastri starfsstöð, telst veltan undanþegin virðisaukaskatti og því ber ekki að skila virðisaukaskatti af slíkum greiðslum.
- Aðstöðu- og lausafjárleiga t.d. á hljóðveri (e. studio) eða tækjaleigu.
- Vörusala.
- Tekjur af lifandi viðburðum.
 - o Starfsemi safna og hliðstæð menningarstarfsemi er undanþegin virðisaukaskatti (skattskyldu). Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, listdansýningum, leiksýningum og leikhúsum, „enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi“. Þannig getur aðgangseyrir að lifandi viðburðum

(e. live show) talist undanþeginn virðisaukaskatti en þó þarf að meta hvert tilfelli fyrir sig. Sem dæmi má nefna að aðgangseyrir að lifandi viðburðum fellur ekki undir undanþáguna ef veitingar eru seldar eða framreiddar á meðan viðburðurinn fer fram. Sala heitra máltíða, áfengra drykkja, kaffis, og gosdrykkja telst veitingasala í þessu sambandi. Fari veitingasala fram utan þess salar þar sem viðburðurinn er haldinn telst aðgangseyrir að viðburðinum almennt undanþeginn virðisaukaskatti. Loks skal þess getið að þjónusta sjálfsætt starfandi listamanna, sem fram koma á framangreindum viðburðum, t.d. tónlistarmanna og uppistandara, kann að vera undanþegin virðisaukaskatti.

Hafa ber í huga að framangreind starfsemi er því aðeins skráningarskyld á virðisaukaskattsskrá fari heildartekjur af henni yfir 2.000.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili, sbr. nánar í kafla 3.2.

3.2 Skráning á virðisaukaskattsskrá

Þeir sem hafa með höndum virðisaukaskattsskylda starfsemi skulu tilkynna ríkisskattstjóra um starfsemi sína eða atvinnurekstur til skráningar á virðisaukaskattsskrá, eigi síðar en átta dögum áður en starfsemi hefst. Ríkisskattstjóri færir aðila á virðisaukaskattsskrá, úthlutar skráningarnúmeri (VSK-númeri) og gefur út staðfestingu á að skráning hafi átt sér stað. Ef tekjur rekstraraðila af virðisaukaskattsskyldri starfsemi eru undir 2.000.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili frá því að starfsemin hefst, er starfsemin undanþegin virðisaukaskatti. Í þeim tilvikum ber rekstraraðila ekki skylda að skrá sig á virðisaukaskattsskrá og innheimtir þar af leiðandi ekki virðisaukaskatt af seldri þjónustu. Hér er þó um valkvæða skráningu að ræða og er aðila með veltu undir fjárhæðarmörkunum heimilt að tilkynna sig til skráningar á virðisaukaskattsskrá með þeim réttindum og skyldum sem slíkri skráningu fylgja.

Nánari upplýsingar um [skráningu á virðisaukaskattsskrá](#).

3.3 Innheimta virðisaukaskatts og skil í ríkissjóð

Þegar rekstraraðili hlaðvarps hefur verið skráður á virðisaukaskattsskrá ber honum að innheimta virðisaukaskatt af seldri þjónustu, svo sem vegna auglýsingatekna, áskriftargjalda, tekna frá innlendum streymisveitum o.fl og skila virðisaukaskatti í ríkissjóð. Enn fremur ber honum að reikna

og skila virðisaukaskatti af andvirði auglýsinga eða annarri sölu þegar greitt er með öðru en peningum sbr. kafli 3.5.

Virðisaukaskattur sem rekstraraðili innheimtir vegna seldrar vöru eða þjónustu nefnist útskattur. Virðisaukaskattur sem rekstraraðili greiðir fyrir vegna kaupa á skattskyldri vöru og þjónustu til að nota í rekstrinum nefnist innskattur.

Rekstraraðila er heimilt að draga virðisaukaskatt af aðföngum (vöru og þjónustu) sem keypt eru til starfseminnar (innskattur) frá innheimtum eða reiknuðum virðisaukaskatti (útskattur) þannig að hann skilar eingöngu mismuninum í ríkissjóð. Einungis er heimilt að telja til innskatts þann virðisaukaskatt sem greiddur er vegna kaupa á vöru og þjónustu sem varðar með beinum hætti öflun virðisaukaskattskyldra tekna rekstraraðila. Sem dæmi er óheimilt að telja virðisaukaskatt vegna kaupa á fæði, gjöfum og hlunnindum starfsmanna til innskatts.

Uppgjör og skil á virðisaukaskatti fer fram á þjónustuvef Skattsins þar sem skýrslu er skilað með rafrænum hætti. Á virðisaukaskattsskýrslu ber að telja fram skattskylda veltu ásamt útskatti og innskatti fyrir hvert uppgjörstímabil. Meginreglan er að uppgjörstímabil virðisaukaskatts taki til tveggja mánaða, þ.e. jan-feb, mars-apríl o.s.frv. Nánari upplýsingar um [uppgjör og skil](#).

3.4 Skatthlutföll

Almennt skatthlutfall virðisaukaskatts er 24% og fellur öll sala á vöru eða þjónustu þar undir nema sérstaklega sé kveðið á um undanþágu, en í slíkum tilvikum ber sala 11% virðisaukaskatt. Undanþágur frá hinu almenna skatthlutfalli eru tæmandi taldar í lögum um virðisaukaskatt. Þar er kveðið á um að áskriftargjöld að útvarps- og sjónvarpsstöðvum falli undir lægra skatthlutfallið.

Með áskriftargjöldum að útvarps- og sjónvarpsstöðvum er átt við endurgjald fyrir útsendingu dagskrárefnis sem ætluð er almenningi til beinnar móttöku og dreift er með

rafsegulöldum, hvort heldur er í tali, tónum eða myndum, um þráð eða þráðlaust, hvort heldur sem útsendingin er læst eða ólæst. Áskriftargjöld hlaðvarpa falla ekki að þessari skilgreiningu og bera þau því 24% virðisaukaskatt. Það sama gegnir um aðra sölu á vörum og þjónustu sem hlaðvörp hafa með höndum.

Nánari upplýsingar um [skatthlutföll](#).

3.5 Mat á afhentum verðmætum - skattverð

Skattverð er það verð sem virðisaukaskattur er reiknaður af við sölu á skattskyldri vöru og þjónustu og miðast við heildarendurgjald eða heildarandvirði hins selda án virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur er því viðbót við það verð (skattverð) sem seljandi setur upp fyrir viðkomandi vöru eða þjónustu.

Það eru skattskyld skipti þegar skattskyld vara eða þjónusta er greidd að hluta eða öllu leyti með annarri vöru eða þjónustu. Í slíkum viðskiptum þarf að meta til verðs þá vöru eða þjónustu sem afhent er gegn endurgjaldi í formi annars en peninga. Það verðmat skal liggja til grundvallar útreiknuðum virðisaukaskatti sem skila skal í ríkissjóð.

Eigin úttekt eiganda, þ.e. þegar eigandi tekur út úr eigin fyrirtæki skattskylda vöru eða þjónustu til eigin nota, er jafnframt skattskyld. Sama gildir um aðra úttekt, þ.e. not fyrirtækis á skattskyldri vöru eða þjónustu í öðrum tilgangi en varðar skattskylda sölu eða í tilvikum sem ekki veita rétt til innskattsfrádráttar t.d. gjafir, risna eða hlunnindi.

Við skipti, afhendingu án endurgjalds og úttekt skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila. Liggi slíkt almennt gangverð ekki fyrir skal miða skattverð við reiknað útsöluverð, þar sem tekið er tillit til alls kostnaðar að viðbætti þeirri álagningu sem er almennt notuð á vörur eða þjónustu af sama tagi.

Sé um að ræða viðskipti milli skyldra eða tengdra aðila skal miða skattverð við almennt gangverð í sams konar viðskiptum milli ótengdra aðila.